

Ed.

845. Tillaga til þingsályktunar

um löggjöf um Menningarsjóð.

Flm.: Jónas Jónsson, Magnús Jónsson, Sigurjón Á. Ólafsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp um að tryggja Menningarsjóði fastar árstekjur, miðað við meðaltal af tekjum sjóðsins síðustu 7 ár (1928—1934), 50 þús. krónur, þannig að við tekjur þær, sem sjóðurinn hefir af sektum fyrir brot á áfengislöggjöf-inni, verði bætt því, sem á vantar, úr ríkissjóði, ef sektirnar nema ekki nefndri upphæð.

Greinargerð.

Síðan áfengislöggjöfinni var breytt, hafa tekjur ríkissjóðs af áfengi vaxið mjög mikið, en að sama skapi hafa tekjur Menningarsjóðs minnkað og orðið ótryggari. Þjóðin á nú marga ágæta listamenn, rithöfunda og vísindamenn, sem leggja stund á að rannsaka náttúru landsins. Menningarsjóður er aðalathvarf þessara manna, eins og nú háttar hér á landi. Sé hann sviptur tekjum sínum, er lífsbarátta þessara manna, sem er nógu hörð áður, gerð svo erfið, að mörgum þeirra verður ekki fært að njóta krafta sinna í menningarbaráttu þjóðarinnar. Ef Menningarsjóði verða tryggðar 50 þús. kr. fastar tekjur árlega, myndi sú upphæð vera stórmikil hjálp fyrir listamenn, rithöfunda og vísindamenn þjóðarinnar, og gera þeim fært að vinna fyrir land sitt og þjóð eins og að undanfögnu.

Fylgiskjal.

MENNTAMÁLARÁÐ ÍSLANDS

Reykjavík, 18. nóvember 1935.

Hér með leyfir Menntamálaráð Íslands sér að fara þess á leit við hið háa Alþingi, að Menningarsjóði Íslands verði framvegis tryggðar árlegar tekjur, er nemi að minnsta kosti 50000 krónum, þannig að við tekjur þær, sem sjóðurinn hefir af sektum fyrir brot á áfengislöggjöf-inni, verði bætt það, sem á vantar, úr ríkissjóði, ef sektirnar nema ekki nefndri fjárhæð.

Tekjur Menningarsjóðs hafa verið svo sem nú skal greina:

Árið 1928	71862 kr.
— 1929	41713 —
— 1930	68202 —
— 1931	73603 —
— 1932	54579 —
— 1933	20775 —
— 1934	22719 —

Samtals 353453 kr.

eða að meðaltali 50493 krónur á ári hverju.

Þess verður þó að geta, að með lögum nr. 76 23. júní 1932 var ákveðið, að $\frac{1}{4}$ hluti tekna Menningarsjóðs á tímabilinu frá 15. apríl 1932 til ársloka 1933 skyldi renna í rikissjóð, en með lögum nr. 50 19. júní 1933 var ákveðið, að $\frac{1}{8}$ hluti tekna sjóðsins frá 1. jan. 1934 til loka sama árs skyldi renna í rikissjóðinn. Jafnframt þessu var sú kvöð lögð á Menningarsjóð að greiða á 5 árum 25000 krónur til frú Helgu Finnsdóttur fyrir náttúrugripasafn manns hennar, Guðmundar heitins Bárðarsonar prófessors.

Það er vitanlega óþarft að vekja athygli hins háa Alþingis á því, að tekjuvonir sjóðsins eru nú ekki miklar, eftir að hann við innflutningi áfengra drykkja hefir verið afnumið til fulls, svo að gera má ráð fyrir, að sjóðurinn geti ekki framvegis gegnt ætlunarverkum sínum til nokkurrar hlítar.

Tilgangur Menningarsjóðs er „að styðja almenna menningu í landinu, rannsókn íslenzkrar náttúru og þróun þjóðlegrar listar“. Það er alkunnugt, að nú eru starfandi vor á meðal ekki allfáir rithöfundar og fjöldi listamanna og náttúrufræðinga. Hitt er ekki síður kunnugt, að kjör slíkra manna hafa jafnan verið hágborin hér á landi. Stofnun Menningarsjóðs bar vitni um eindreginn vilja þings og þjóðar til þess að ráða bætur á því meini, enda mundi vandalaust að sýna og sanna, að sjóðurinn hefir orðið mörgum efnilegum rithöfundum, vísindamönnum og listamönnum til mikils gagns, þótt mikilla muna sé vant, að hann hafi getað fullnægt jafnvel hinum brýnustu þörfum. Vér vonum því, að hið háa Alþingi haldi enn fram hinnu sömu stefnu, sem mörkuð var með stofnun Menningarsjóðs, enda þarf ekki orðum að því að eyða, að sjaldan hefir þess verið meiri þörf en nú á þessum erfiðu krepputímum, að íslenzk menningarviðleitni njóti styrks og aðhlyningar ríkisins.

Jónas Jónsson,
formaður.
Árni Pálsson.

Barði Guðmundsson,
ritari.
Pálmi Hannesson.